

**Mættir:** Björn Valdimarsson, varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Hilmar Björgvin Theodórsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

### 1. Upphaf fundar

BV býður alla velkomna á fyrsta fund dómaranefndar á nýju sundári. Fundargerðir 61 og 62 lesnar upp og samþykktar af hálfu dómaranefndar.

### 2. Leggja línur fyrir væntanlegt sundár þegar kemur að mönnun móta

Ákveða línur um mönnun móta fyrir A B og C mót. Það hefur ekki verið skýrt nákvæmlega hver lágmarksfjöldi dómara á að vera á mótum. SÓG fer í gegnum reglugerð um fjölda dómara. Dómaranefndin vísar hér í reglur Sundsambandsins varðandi mönnun á mótum.

EMG ræðir um vinnu sem er að fara í gang varðandi skörun á sundmótum.

SÓG bendir á að um komandi helgi verði bikarmót SSÍ haldið í Reykjanesbæ og nú hafi fimm dómarar boðað sig í dómgæslu. Jafnframt bendir hann á að bikarmót, ÍM25 og 50 og stóru alþjóðlegu sundmótin verði að ganga fyrir þegar sundmótum er raðað niður á atburðadagatal SSÍ, að unnið sé ofan frá og niður í litlu sundmótin. Þetta er líklega vinnulagið sem farið er eftir í dag.

Þegar horft er til sundreglna er almenna viðhorfið þetta:

A-sundmót fara stíft eftir reglum SSÍ og um leið alþjóðlegum reglum FINA.

B-sundmót hafa reglur SSÍ sem viðmið.

C-sundmót eru ákvörðun þess sundfélags sem heldur mótið hverju sinni.

Tekjulindir félaganna eru háðar skráningum á mót – þetta þarf að hafa í huga þegar þeim er raðað niður.

EMG bendir á að það verði að vera til mót þar sem sundmennirnir fái raunverulega viðurkenningu fyrir sín sund, án þess að vera dæmdir úr leik, til þess eru C-mótin.

### 3. Röðun dagsetninga á dómaraámskeið og hverjir leiðbeinendur verða

Almennt er nokkur fjöldi dómara skráðir hjá hverju félagi en fáir þeirra eru raunverulega virkir. Rætt um dómara námskeið fyrir norðan. Framundan þar er Desember-mótið sem oft er haldið í stórhrið og því er aðstaða fyrir dómara nema ekki mjög góð.

Bent er á að nemandi mega ekki taka út verklegan hluta dómara námskeiðs á SSÍ-sundmóti og því þarf að hafa félagsmótið í huga við undirbúning dómara námskeiðs.

Nú þegar hefur eitt dómara námskeið verið haldið. Þar voru BV og VG leiðbeinendur. Rætt er um að þau haldi því áfram á næstu námskeiðum.

Möguleg dagsetning fyrir dómara námskeið fyrir áramót er  
miðvikudagurinn 26. október 2016.

Möguleg dagsetning fyrir dómara námskeið eftir áramót er  
miðvikudagurinn 8. febrúar 2017  
fimmtudagurinn 2. mars 2017

EMG leggur til að hún ræði við Ólaf Baldursson, yfirdómar, um námskeið fyrir norðan á komandi vori. Framhaldið verður skoðað sérstaklega þegar nær dregur. Mögulegt námskeið í Reykjanesbæ er miðvikudaginn 10. maí 2017.

#### **4. Skráningar dómara á komandi mót**

SÓG sér um skráningu á bikarmót SSÍ sem verður um komandi helgi.

SÓG og JH hafa sammælt um að fyrrnefndi taki líka að sér skráningu á ÍM25 og hann reiknar með að sjá um IMOC því bæði mótið verða í Ásvallalauginni.

## 5. Mál dómara nefndar fyrir komandi Sundþing

Rætt er um að festa þurfi í sessi ferðir dómara á EM, NM, HM og Smáþjóðaleika. Rætt var um kostnað íslenskra yfirdómara vegna dómgæslu erlendis. Bent er á að LEN og sundsamband hvers lands hafi séð um þann kostnað hingað til, það kann að breytast. Allur gangur virðist vera á kostnaðarhlið við dómgæslu erlendis. Talað er um að almennt sé jákvætt að sendir séu yfirdómarar á mót erlendis. Haraldur Hreggviðsson mun dæma í Windsor í Kanada á komandi HM25.

### Fyrirspurnir til stjórar SSÍ

- Hvernig standa dómaramál fyrir Smáþjóðaleikana á komandi sumri?
- Er vilji hjá SSÍ til að senda íslenska dómara til San Marínó?

### Önnur mál

Hvernig er dómaramálum háttað hjá öðrum sérsamböndum innan ÍSÍ en SSÍ? Rætt er um að misjafnt sé á milli íþróttagreina hvort störf dómara séu launuð eða ekki. Í boltagreinunum er krafist þrekprófs en að öðru leyti er ekki rætt um launaliði í reglugerðum sambandanna.

Svanhvít Guðrún Jóhannsdóttir hefur óskað eftir því að fá að halda sér á dómaraalista héraðs. Það er ljóst að hún fer af yfirdómaraalista nú í byrjun sundárs, nema hún sendi inn tilkynningar um dómgæslu sína í Noregi.

Fundi lokið kl. 19:00.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir